



534. Stjórnarfundur haldinn 9. janúar 2020 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Már Bragason (BMB) Eva Björk Sveinsdóttir (ES) og Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS)
Fjarverandi: Jónína Steinunn Helgadóttir (JH).

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Guðbergi Reynissyni formanni íþróttabandalags Reykjanesbæjar minna á hóf íþróttamanns Reykjanesbæjar á gamlársdag kl. 13:00 í íþróttahúsinu Njarðvík. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Ingva Hákonarsyni formanni körfuknattleiksdeildar en hann er að upplýsa aðalstjórn um komu erlends leikmanns. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar vegna undirritunar á samstarfssamningi við félagið 28. janúar. **EH falið að skrifa undir fyrir hönd félagsins.**

Jóla kort og Neslæ Quality Street frá UMFÍ og konfektikassa frá Nóra greiðslumiðlun. **Móttekið.**

3. Send bréf

Ýmis tölvupóstur áframsendur á stjórnir deilda.

4. Aðalfundur deilda og félagsins

Drög að aðalfundum deilda félagsins lá fyrir. Aðalfundur félagsins ákveðin 17. febrúar kl. 20:00. BS og ÞMK hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs. EH leggur hart að ÞMK að gefa kost á sér. EH hefur ákveðið að gefa kost á sér til formanns. Aðrir eru en að skoða málið og tekið fyrir á næsta fundi.

Framkvæmdastjóra falið að auglýsa fundina á heimasíðu félagsins.

5. Nýr starfsmaður

ÞMK, BMB og ES skipa nefnd hvað varðar starfslýsingu fyrir nýjan starfsmann. BMB sagði að þau væru að vinna í málinu og ættu ekki langt eftir með starfslýsinguna.

6. Íþróttakarlar og – konu Keflavíkur 2019

Hóf íþróttakarlar og - konu Keflavíkur var á mánudaginn 30. desember kl. 18:00.

Íþróttakarlar- og kona Keflavíkur 2019 eru þau: Kristmundur Gíslason og Eva Margrét Falsdóttir

Íþróttamenn deilda Keflavíkur 2019 eru:

Knattspyrnukarlar Magnús Þór Magnússon og **Knattspyrnukona** Natasha Moraa Anasi,

Körfuknattleikskarlar Hörður Axel Vilhjálmsson og **Körfuknattleikskona** Salbjörg Ragna Sævarsdóttir

Fimleikakarlar Atli Viktor Björnsson og **Fimleikakona** Emma Jónsdóttir

Sundkarlar Þröstur Bjarnason og **Sundkona** Eva Margrét Falsdóttir

Taekwondokarlar Kristmundur Gíslason og **Taekwondokona** Dagfríður Pétursdóttir

Blakkarlar Bjarni Þór Hólmsteinsson og **Blakkona** Jónína Einarsdóttir

7. Önnur mál

EH kynnir fyrir nemendum í 3. – 6. bekk Myllubakkaskóla hvað sé í boð varðandi íþróttaiðkun hjá Keflavík. EH situr nú námskeið hjá ÍSÍ um Stjórnunarþjálfun 7. – 9. janúar.

ES kom inn á að láta útbúa örvídeó um þær íþróttagreinar sem eru í boði hjá Keflavík sem sett yrði inn á heimasíðu félagsins m.t.t. barna sem hafa ekki íslensku að móðurmáli. Þannig værum við að kynna félagið best fyrir iðkendur. BMB bauðst til að hafa samband við Davíð Óskars vegna þessa máls.

Eins og fram kemur í innkomnum bréfum, liggur fyrir að Reykjanesbær hyggst styrkja sjálfboðavinnu og afreksstarf íþróttafélaga á árinu 2020. Körfuknattleiksdeild hefur óskað eftir fjárhagsaðstoð með fyrirframgreiðslu í huga þar til styrkur Reykjanesbæjar verður greiddur út. Aðalstjórn félagsins samþykkir að framkvæmdastjóri gangi frá samningi og greiði út slíka fyrirframgreiðslu.

Næsti fundur verður 16. janúar kl. 18:00

Fundi slitið kl. 19:15. Fundinn ritaði BS.



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ